

24. fundur Leiknar 12. janúar 2009 kl. 9.00-11.00 haldinn í húsakynnum Mímis-símenntunar í Skeifunni 8.

Mættir: Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Finnur Gunnþórsson, María Hildipórsdóttir, Hildur Elín Vignir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir.

Dagskrá lá fyrir í 5 liðum.:

- 1) Svarbréf frá Menntamálaráðuneytinu vegna styrkumsóknar. Guðjónína greindi frá því að beiðninni hefði verið hafnað.
  - 2) Fjárhagsstaða Leiknar. Hildur Elín gerði grein fyrir fjárhagsstöðu. Fjárhagsstaðan um áramót er um 1,6 milljón. Rekstrarafgangur ársins 2008 er um 400 þúsund krónur. Sparnaður varð vegna þess að ekki var farið á fund í norræna sambandinu, ekki hefur heldur verið greitt fyrir umsýslu eftir að hún fluttist til MSS.
  - 3) Norrænt samstarf – ferð til Vilnius. Guðjónína greindi frá því að kostnaður við að sækja fund norræna sambandsins í febrúar myndi verða um 170 þúsund krónur. Samþykkt að formaður fari og útlagður kostnaður við ferðina greiddur af Leikn.
  - 4) Félagsfundur – þema. Stjórnarmenn fóru í hugflæði um efni félagsfundar sem halda skal á vormánuðum. Ákveðið var að halda fundinn undir heitinu „Fullorðinsfræðsla á breyttum tímum“. Þar verði fjallað um möguleika fullorðinsfræðslunnar að hafa áhrif við breyttar aðstæður í samfélaginu og einnig þá breytingu sem verður við setningu framhaldsfræðslulaga. Samþykkt var að Guðjónína, Finnur og Hulda taki að sér undirbúning fyrir fundinn, ákveði tímasetningu, staðsetningu og dagskrá fundarins.
  - 5) Umsögn vegna framhaldslaga. Ingibjörg vék af fundi þar sem hún hefur komið að frumvarpinu á vegum ASÍ og SA. Frumvarpið var rætt og gerð umsögn um það.
  - 6) Fleira gerðist ekki.
-